

Ágæta sveitarfélag/stéttarfélag.

Almennt um innleiðingu starfsmats 2004

Inngangur

Eins og kunnugt er var í síðustu kjarasamningum samið um innleiðingu nýs starfsmatskerfis. Um var að ræða nýtt kerfi sem hannað var af sveitarfélögum og stéttarfélögum í Englandi. Í upphafi lá fyrir að mikil vinna væri fólgin í að þýða og staðfæra kerfið fyrir íslenskar aðstæður og svo auðvitað að framkvæma matið. Sú vinna hefur tekið mun lengri tíma en ráð var fyrir gert en ákveðið var að vinna verkið faglega enda er það von samningsaðila að hér sé verið að innleiða starfsmatskerfi sem nota mætti til frambúðar.

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga á starfsmatið að geta leitt til 2 – 4% launahækkunar sem gildir frá 1. desember 2002. Frá þessu kunna þó að vera frávík gagnvart einstaka stéttarfélögum og/eða sveitarfélögum. Þá munu sum störf hækka meira en önnur, jafnvel meira en 4%, og önnur störf hækka minna en 2%, standa í stað eða lækka jafnvel. Mikilvægt er þó að hafa í huga að samkvæmt kjarasamningum er tryggt að enginn starfsmaður, sem nú er í starfi, lækki í launum við innleiðinguna.

Innleiðing starfsmatsins í um 100 sveitarfélögum og um 50 stéttarfélögum er hins vegar flókið og viðamikil verk. Búið er að meta fjölmörg störf og segja má að metin hafa verið störf sem um 90% starfsmanna gegna (sjá grunnskjal vegna starfaskilgreininga). Vegna þess hversu fjölbreytt störf eru stunduð í sveitarfélögunum hefur hins vegar ekki enn tekist að meta öll störf. Það er þó mat samningsaðila að ekki sé rétt að bíða lengur með framkvæmdina og nægilegur fjöldi starfa hafi verið metinn svo innleiða megi matið gagnvart meginþorra starfsmanna.

Kjör starfsmanna sem sinna störfum sem ekki hafa fengið starfsmat haldast óbreytt að sinni en haldið verður áfram vinnu við að ljúka matinu gagnvart þeim.

Grunnskjal vegna starfaskilgreininga

Meðfylgjandi er **grunnskjal** með þeim störfum sem metin hafa verið. Í því grunnskjali er jafnframt að finna stuttar skilgreiningar ásamt auk niðurstöðu starfsmatsins í stigum. Markmiðið með því að senda þetta grunnskjal er að auka skilning á niðurstöðu starfsmatsins og jafnframt er skjalið grundvallargagn fyrir fulltrúa sveitarfélags og stéttarfélags við yfirferð og hugsanlega lagfæringu á sérstöku **rafrænu reikniskjali** sem fjallað er um í næsta kafla. Rétt er að benda á að í grunnskjalinu er einungis um að ræða grunnröðun starfs og því mögulegt að starfsmaður geti átt að vera hærra raðaður/launaður þegar tillit hefur verið tekið til persónubundinna þátta s.s. símenntunarálags.

Rafrænt reikniskjal

Ákveðið hefur verið að beita þeirri aðferð að senda hverju sveitarfélagi fyrir sig með rafrænum hætti **reikniskjal** það sem samningsaðilar hafa unnið með og er hluti af forsendu þeirrar tengingar starfsmatsins við launaflokka sem samkomulag er um. Í reikniskjalinu eru upplýsingar um tengingu þeirra starfa sem farið hafa í fullnægjandi starfsmat og þeirra starfa sem ekki fengu starfsmat. Þau störf sem hafa ekki fengið starfsmat en þau hafa fengið starfsmatsstig skv. mati / álitni samningsaðila.

Þær lendingar sem fram koma í reikniskjalinu eru því niðurstaða samningsaðila sem er byggð á þeim upplýsingum og gögnum sem fyrir lágu. Ljóst var þó að þær upplýsingar voru ekki að öllu leyti fullnægjandi. Nauðsynlegt er því að fulltrúi sveitarfélagsins ásamt fulltrúa stéttarfélagsins fari yfir reikniskjalið og lagfæri augljósar skekkjur þar sem þær er að finna og færi breytingar inn í skjalið (sjá nánar í skjalinu um verklagsleiðbeiningar). Leiði þær lagfæringar til frávika frá þeim kostnaðarauka sem fram kemur í skjalinu **umfram 0,4 prósentustig** skal senda niðurstöðuna til úrskurðarnefndar á vegum samningsaðila til skoðunar og verður útborgun að bíða niðurstöðu nefndarinnar. Leiði breytingarnar til minna frávíks en að framan greinir skal greiða laun í samræmi við niðurstöðuna eins fljótt og unnt er, en senda jafnframt niðurstöðuna til úrskurðarnefndarinnar. Netfang nefndarinnar er: starfsmat@samband.is.

Leggja ber áherslu á það meginmarkmið samningsaðila að innleiða samræmt starfsmat fyrir allt landið þannig að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf hvar sem er á landinu óháð stéttarfélagasáild. Núverandi launasetning kann að vera misjöfn eftir stéttarfélögum og/eða sveitarfélögum en niðurstaða starfsmatsins samræmd og því geta framangreind frávík orðið.

Ef ekki næst sameiginleg niðurstaða milli launagreiðanda og stéttarfélags, skulu þau starfaheiti sem ekki næst samkomulag um send til úrskurðarnefndar samningsaðila svo fljótt sem auðið er.

Lögð er áhersla á að í upphafi verði laun greidd út um næstu mánaðamót í samræmi við hið nýja mat. Eins og áður hefur verið getið á starfsmatið að gilda frá 1. desember 2002 og því ljóst að veruleg vinna getur verið fólgin í því að greiða þeim sem fá hækkanir afturvirkir til þessa tíma. Þar sem ekki hefur verið samið um annað ber að miða leiðréttingar við gildandi launatöflu ársins 2004. Ef mögulegt er að klára greiðslur í samræmi við það við næstu launakeyrlu þá ber að stefna að því. Aðilar gera sér hins vegar grein fyrir að ólíklegt sé að það náist og því sé hugsanlega nauðsynlegt að framkvæma sérstaka launakeyrlu vegna þessa síðar í desember.

Nokkur atriði í nógildandi kjarasamningum sem tillit þarf að taka til.

Í samningum bæjarstarfsmannafélaganna var svohljóðandi ákvæði í kjarasamningum 2001: “Ófaglært starfsfólk á leikskólum skal við gildistöku samnings þessa fá persónuálag sem nemur 2 stigum þar til nýtt starfsmat tekur gildi þann 1. desember 2002.” Álag þetta á því að falla niður við innleiðingu starfsmatsins enda var hér um eins konar innborgun að ræða vegna væntanlegrar hækkunar þessara starfa.

Í samningum bæjarstarfsmannafélaganna er einnig að finna ákvæði um sérstakar viðbætur til þeirra sem hafa tiltekna menntun sem ekki hefur verið tekið tillit til við launasetningu, s.s. grein 10.2.3. Nú er verið að innleiða nýtt starfsmatskerfi og vel kann að vera að hið nýja starfsmat taki tillit til menntunar viðkomandi einstaklinga og því sé nauðsynlegt að fella niður það álag sem viðkomandi hefur haft á grundvelli greina sambærilegra gr. 10.2.3.

Í lýsingum þeim sem fylgja starfsheitum í grunnskjalinu kemur alltaf fram hvort gerð er krafa um tiltekna menntun og ætti þetta því ekki að valda erfiðleikum í framkvæmd.

Þá var ákvæði í samningum bæjarstarfsmannafélaga um sérstaka launasetningu háskólamenntaðra starfsmanna. Sú launasetning á samkvæmt ákvæðunum einungis að gilda þar til nýtt starfsmat tekur gildi.

Störf með viðmið

Sú staða kann að koma upp að störf sem ekki eru á þeim lista sem sveitarfélagið hefur fengið sendan hafi haft rökrétt viðmið við störf sem á listanum eru. Nefna má sem dæmi viðbótarþætti svo sem stjórnun og/eða aukna ábyrgð, vaktstjórn og/eða annars konar umsjón. Til að skapa ekki óeðlilegt ástand eru aðilar sammála um að þá haldi sá sem ekki er á listanum þeim mun í launaflokkum sem áður var þar til nýtt mat tekur gildi gagnvart honum. Mikilvægt er að hafa í huga að það er markmið samningsaðila að öll störf verði metin í starfsmati og innbyrðis afstaða launa starfsmanna taki mið af því en ekki þeim mun sem nú er. Því er þessi ráðstöfun tímabundin.

Framangreint var samþykkt á fundi fulltrúa samningsaðila sem haldinn var þann 23. nóvember 2004.